

ÞORVALDUR GYLFASSON

Hvers virði er tunga sem týnist?

Greinin er efnislega samhljóða erindi sem höfundur flutti á málrættarþingi Íslenskrar málnefndar á degi íslenskrar tungu 2002. Auk Þorvalds fluttu þar erindi Andri Snær Magnason rithöfundur, Benedikt Jóhannesson, stærðfræðingur og framkvæmdastjóri Talnakönnunar (prentað í þessu hefti Málfrægna), og Guðrún Helgadóttir rithöfundur. –Ritstj.

Hvers vegna er heimurinn ekki allur eitt land? – með einn fána, einn forseta, einn menntamálaráðherra, eina mynt og þar fram eftir götunum. Þessi spurning er ekki alveg eins fráleit í öllum greinum og ýmsum kynni að virðast við fyrstu sýn. Ýmsir málsmetandi menn hafa hvatt til þess að öll lönd heimsins sameinist um eina mynt af fjárhagsástæðum. Einn helsti höfundur hugmyndarinnar um eina mynt handa öllum þjóðum heims var sæmdur Nóbelsverðlaunum í hagfræði fyrir fáeinum árum. Evrópuþjóðirnar hafa ákveðið að fækka myntum álfunnar til muna: grisjunin felst í því að evran leysir einstakar þjóðmyntir af hólmi svo að þess er hugsanlega ekki langt að bíða að hún verði eini eftirlifandi gjaldmiðillinn í gervallri Evrópu alla leið austur að landamærum Rússlands.

Svo hvers vegna er heimurinn þá ekki allur eitt land? Hvers vegna er Evrópa ekki eitt land? Það stafar af því að fólk er ólíkt – sem betur fer. Fólk hefur ólíkar hugmyndir, óskir og þarfir. Þess vegna eru lönd heimsins mörg og misstór. Krafan um batnandi lífskjör í skjóli hagkvæms stórrekstrar knýr að sínu leyti á um sameiningu og samruna. Það er eðlilegt svo langt sem það nær. En sækjast sér um líkir, segir máltækið. Eftirsókn eftir samneyti við sitt eigið fólk – fólk sem býr að sömu menningu og sögu og talar sömu tungu – stendur gegn kröfunni um stórrekstur í búskap þjóðanna. Það er ekki hagfelld að hafa löndin of stór og fá því að stór lönd byggir yfirleitt sundurleitt fólk og mikilli fjölbreytni getur fylgt sundurþykkja og staðið velferð fólksins og framþróun fyrir þrifum. Smáríkjum getur með öðrum orðum vegnað vel ef smæðinni fylgir dágóð sátt og samheldni. Reynslan sýnir að smáríki hafa í gegnum tíðina ekki náð síðri árangri í efnahagsmálum en stórríki þegar öllu er á botninn hvolft.

Það er hægt að orða þessa hugsun aðeins öðruvísi með því að segja að miðsókn og miðflótti takist á. Miðsóknaraflið togar lönd og þjóðir í átt að frekara samstarfi og sameiningu og stuðlar með því móti að fækkun þjóðlanda af fjárhagsástæðum. Miðflóttaraflið hneigist á hinn bóginn til að skipta löndum upp í smærri einingar og stuðlar þannig að fjölgun landa, einnig af fjárhagsástæðum. Miðsóknaraflið hafði yfirhöndina á 19. öld, að minnsta kosti í Evrópu. Þá varð Ítalía að einu þjóðríki við sameiningu nokkurra smáríkja, það var árið 1861, og Þýskaland fylgdi í kjölfarið nokkru síðar. Ýmsum þótti það þá vera fráleit skipan að Belgía og Portúgal væru sjálfstæð ríki: þessi lönd voru talin vera of lítil til þess að geta staðið á eigin fótum. Á 20. öld snerist taflað við: þá náði miðflóttaraflið yfirhöndinni í krafti aukinna millilanda viðskipta og sér ekki enn fyrir endann á þeirri þróun svo sem ég mun koma að aftur á eftir.

Það er að sönnu ekki algild regla að stór lönd byggji sundurleitt fólk: Japanar eru nærri 130 milljónir og þeir eru svo að segja allir eins. Það er ekki heldur einhlítt að sundurleit stórríki hljóti að klofna fyrr eða síðar vegna sundurþykkju: Bandaríkin

eru órækur vottur þess. Og það er ekki heldur algild regla að smáþjóðir séu einsleitar eins og við Íslendingar: ég nefni Kýpur og Míritús til dæmis um fámennar eyþjóðir þar sem ólíkir kynþættir búa saman og efnahagurinn hefur blómstrað enda þótt á ýmsu hafi gengið þar um samkomulag meðal ólíkra þjóðfélagshópa. Hitt er þó algengast um heiminn að sundurleitni landsfólksins – og þá einnig fjöldi tungumála – fari eftir mannfjölda.

Smáþjóðum heimsins hefur vaxið fiskur um hrygg undangengin ár í skjóli síaukinna milliríkjavíðskipta. Ef erlendum víðskiptum væri ekki til að dreifa þá væru smáríki að ýmsu leyti óhagkvæm smæðarinnar vegna. Þá þætti mörgum þeirra trúlega nauðsyn bera til að sameinast stærri ríkjum af efnahagsástæðum. Mikil og vaxandi millilandavíðskipti leysa smáþjóðirnar af þessum klafa: þau gera fámennum þjóðum kleift að færa sér hagkvæmni stærðarinnar í nyt með víðskiptum við önnur lönd. Þannig kaupum við Íslendingar utan úr heimi margt af því sem við þurfum mest á að halda og við gætum ekki séð okkur fyrir sjálfir nema með ærnum tilkostnaði, við sækjum okkur menntun til útlanda í stórum stíl og þannig áfram. Sjálfsþurftarbúskapur er ávísun á ófremd og fátækt.

Millilandavíðskipti eiga mikinn þátt í því hversu sjálfstæðum smáríkjum hefur fjölgað með tímanum. Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út árið 1914 voru sjálfstæð ríki 62 að tölu í heiminum öllum. Eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari 1946 voru þjóðríkin orðin 74. Síðan hefur fjöldi þeirra þrefaldast: nú eru sjálfstæð ríki rösklega 200 um heiminn. Endalok nýlendustefnunnar ýttu undir þessa þróun: í Afríku einni fjölgaði sjálfstæðum ríkjum um 25 árin 1960 til 1964. Skipbrot kommúnismans um og eftir 1990 fjölgaði Evrópuríkjum með líku lagi um helming, úr 32 í 48. Meðalstærð ríkja mæld í fólksfjölda, sem er algengasti mælikvarðinn á stærð ríkja, hefur einnig minnkað, úr 32 milljónum árið 1946 í 29 milljónir nú (19 milljónir ef Indland og Kína eru ekki talin með). Þessi tala er fundin með því að deila með fjölda landa í fólksfjölda heimsins alls. Það er einnig hægt að mæla meðalstærð ríkja með annarri aðferð sem bregður ef til vill skýrari birtu á víðfangsefnið. Smáríkjum hefur fjölgað svo mjög að helmingur ríkja heimsins hefur nú langt innan við sex milljónir íbúa. Danmörk með rösklega fimm milljónir manns er á þennan mælikvarða nálægt meðalstærð á heimsvísu.

Frívæðing efnahagslífsins um heimsins breiðu byggð undangengna áratugi hefur styrkt smáþjóðir í sessi – fjölgað þeim og ýtt undir þær á ýmsa lund. Heimurinn er nú fjölskrúðugri en nokkru sinni fyrr. Mér virðist það liggja í hlutarins eðli að smáþjóðir ættu þá að réttu lagi að nota aukinn styrk sinn inn á við og einnig á alþjóðavettvangi til að rækta sögu sína, menningu og tungu. Ég er ekki að lýsa eftir þjóðrembu af neinu lagi, alls ekki, hennar tími er liðinn, heldur aðeins eftir heilbrigðri og hógværrri rækt við sérkenni smáþjóða og samkenni.

Það er að vísu rétt að fyrrverandi nýlendþjóðir hafa margar kosið að gera tungu nýlenduheranna að ríkismáli. Ég hef safnað upplýsingum um 60 fámennustu ríki heims og einu betur, öll lönd með 1,3 milljónir íbúa eða færri, til að kanna hvernig þjóðtungunum hefur reitt af. Athugum fyrst þau eyríki þar sem íbúafjöldinn er á bilinu 100.000 til 1,3 milljónir manns. Þessi eylönd er 26 að tölu. Fimmtán þessara ríkja eru mannfærri en Ísland, tíu eru mannfleiri. Í þessum 26 landa hópi er enska ríkismálið í 14 löndum og mál annarra fyrrum nýlenduhera – Frakka, Hollendinga og Portúgala – í öðrum sjö svo að einungis fimm þessara þjóða hafa kosið að nota eigin þjóðtungu sem ríkismál. Þessi fimm lönd eru, auk Íslands, Barein í Persaflóa, þar er töluð arabíska þótt enska sé einnig gjaldgeng; Kýpur þar sem menn tala ýmist grísku eða tyrknesku; Maldíveyjar í Indlandshafi þar sem menn tala eigin tungu þótt eyjarnar hafi

áður lotið breskum yfirráðum um langt skeið; og loks Míkrónesía í Suður-Kyrrahafi þar sem menn tala ýmis eymál.

Athugum nú önnur ríki svipaðrar stærðar – lönd sem eru ekki eyölönd heldur áföst við grannríki eða landlukt. Þessi lönd eru 17 talsins og dreifð um allar álfur. Prettán þessara ríkja nota tungu gömlu nýlenduherranna sem ríkismál, sum ásamt eigin tungu, en fjögur nota eigin þjóðtungur nær eingöngu: Lúxemborg þar sem franska, þýska og ríkismálið, sem er þýsk mállýska, standa hlið við hlið; Katar við Persaflóa þar sem töluð er arabíska; Djíbútí við Rauðahaf nálægt norðausturhorni Afríku, þar tala menn eigið mál; og það gera menn einnig í Bútan í Himalæjafjöllum.

Svipað kemur í ljós þegar við skoðum loks 18 örríki, eyölönd eða áföst, þar sem fólksfjöldinn er innan við 100.000. Ellefu þessara landa hafa tekið upp nýlendumál en sjö þeirra notast við þjóðtunguna sem í fimm þessara sjö landa er að vísu einnig tunga stórbjóða á næstu grösom. Þessi sjö lönd eru öll í Evrópu: Andorra, Færeyjar, Grænland, Liechtenstein, Mónakó, Mön og San Marínó. Það er álitamál hversu fara skal með Færeyjar og einkum Grænland því að þar er danska notuð sem ríkismál við hlið færeysku og grænlensku. Á því leikur hins vegar lítill vafi að Færeyingar myndu ýta dönskunni til hliðar ef þeir afréðu að rifta sambandinu við Dani og stofnuðu sjálfstætt ríki.

Þetta örstutta yfirlit um rösklega 60 fámennustu ríki veraldar kann að kveikja hugboð um það að þjóðtungur heimsins séu á undanhaldi líkt og þjóðmyntirnar og einnig ýmsar dýrategundir og jurta í ríki náttúrunnar: að smáþjóðir freistist af fjárhagsástæðum meðal annars til að taka upp tungur stærri þjóða til að greiða með því móti fyrir viðskiptum – og kasta þá móðurmálinu fyrir róða. Svo kann að vera. Við skulum samt ekki hrapa umhugsunarlaust að þeirri ályktun að meiri hluti þessara rösklega 60 ríkja – 45 ríki af 61 – hafi týnt tungu sinni því að móðurmálið lifir eftir sem áður á vörum fólksins í mörgum þessara landa enda þótt ríkismálið sé aðfengið. Auk þess getur aðflutt ríkismál reynst vera lyftistöng undir bókmenntir, menningu og listir. Miklar bókmenntir á enska tungu hafa sprottið upp undangengin ár í gömlum nýlendum Breta, til dæmis á Indlandi og Karíbahafseyjum. Enskan, sem ýmsir Indverjar læra af bókum, þykir mér iðulega betri en sú enska sem margir Bretar nema af munnri mæðra sinna.

Því hefur stundum verið haldið fram í ræðu og riti að íslenskan sé okkur dýr, Íslendingum, þar eð hún standi í vegi fyrir viðskiptum okkar við umheiminn. Kostnaðartölurnar, sem nefndar hafa verið til sögunnar í þessu viðfangi, mætti skilja sem svo að íslensk tunga sé í krónum talið nokkurn veginn jafnþung á fóðrum og landbúnaðurinn (Benedikt Jóhannesson 1998¹). Ég lít málið öðrum augum.

Tökum þjóðmyntirnar fyrst svo að ekkert fari á milli mála. Gjaldmiðill skipar yfirleitt ekki verðmætan sess í minningu þjóðar. Myntin er dautt áhald eins og rokkur eða skilvinda eða grammófónn: okkur er eða ætti að minnsta kosti ekki að vera nein sérstök eftirsjá í myntinni ef við eigum kost á að láta hana víkja fyrir öðrum áhöldum, öðrum gjaldmiðlum, sem skila okkur betri árangri í dagsins önn. Myntin má því mín vegna fara sömu leið og rokkurinn og skilvindan og grammófónninn: undir gler.

Það er að sönnu hægt að tefla fram ýmsum haldbærum rökum ýmist með eða á móti því að við Íslendingar, Norðmenn, Danir, Svíar, Bretar og Svisslendingar tökum upp evruna í stað núverandi þjóðmynta. Það er þó að minni hyggju ekki hægt að útkljá það mál með hagrænum rökum einum saman því að fleira hangir á spýtni.

¹ Benedikt Jóhannesson (1998) kemst að þeirri niðurstöðu að kostnaðurinn, sem fylgir því að tala íslensku á Íslandi frekar en ensku, nemi á hverju ári um 4% af landsframleiðslu. Benedikt tekur fram að kostnaðarmatið sé háð ýmislegri óvissu og móðurmálið og menning yfirleitt skili vitaskuld á móti margvíslegum afrakstri sem erfitt sé að meta til fjár.

Spurningin um aðild að Evrópusambandinu og einnig um upptöku evrunnar í stað einstakra þjóðmynta er öðrum þræði spurning um stjórnsmál. Evrópusambandið er í fyrsta lagi friðarbandalag og spurningin, sem við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir ásamt Norðmönnum og Svisslendingum, snýst um það hvort við teljum okkur eiga heima í þeim félagsskap og hvort við eigum, ef við ákveðum að ganga til liðs við sambandsþjóðirnar, að gerast fullgildir þátttakendur í samstarfinu með því að taka einnig upp evruna. Hér fer því ekki vel á því að minni hyggju að spyrja eingöngu að því hvað aðildin myndi kosta og hverju hún myndi skila.

Tökum tunguna næst. Og tökum Írland. Það hvarflar ekki að mér að gera lítið úr því hagræði sem frændur okkar Írar hafa af því að tala ensku enda þótt írski sé þjóðtunga þeirra samkvæmt stjórnarskrá landsins og framtunga – fremri ensku sem er annað ríkismál þjóðarinnar. Írski var töluð víða um Írland fram á fimmta áratug 19. aldar þegar kartöflubresturinn og hungrið mikla og fólksflóttinn, sem fylgdi í kjölfarið, hjuggu djúp skörð í írskt þjóðlíf. Eftir það vék írskan smám saman fyrir ensku og rambaði á barmi útrýmingar allt fram til ársins 1922 þegar Írland hlaut sjálfstæði frá Bretum og írskukennsla var tekin upp í öllum skólum landsins meðfram enskukennslu. Írski er nú enn á ný höfð í hávegum í heimalandi sínu: hana lesa nú, tala og skilja fleiri Írar en nokkru sinni fyrr síðan sjálfstæðisárið 1922. Írar eiga miklar bókmenntir á báðum tungum sínum, langt umfram það sem búast mætti við af svo fámennri þjóð. Tvítýngi írskra bókmennta hefur blásið þeim byr undir báða vængi. Víxlfrjóvgun getur verið gjöful í bókmenntum og menningu þjóðanna ekki síður en víða annars staðar. Eigi að síður er engum blöðum um það að fletta að írski hefur lotið í lægra haldi fyrir ensku á Írlandi.

Það getur ekki heitið að enskan hafi komið Írum að miklu haldi í efnahagslegu tilliti lengi framan af 20. öldinni því að Írland var löngum eitt ferlegasta fátæktarbæli álfunnar. Þetta breyttist sem betur fer og þar munaði ef til vill ekki minnst um það að Írar gengu í Evrópusambandið fyrir nær 30 árum. Eftir það urðu gagnger umskipti í írsku efnahagslífi í krafti stóraukinna viðskipta við önnur Evrópulönd og umheiminn svo að Írar búa nú að jafnaði við betri lífskjör en Bretar og halda áfram að auka forskotið. Hefði þeim tekist þetta síður, hefðu þeir látið enskuna víkja fyrir írsku með valdboði eftir sjálfstæðistökuna 1922? Það getur enginn vitað með vissu.

Rannsóknir hagfræðinga, sem glíma við að kortleggja hagvöxt um heiminn og helstu uppsprettur hans, benda að svo stöddu ekki til þess að enskumælandi þjóðir hafi náð meiri hagvexti en aðrar þjóðir að öðru jöfnu. Mér sýnist að á þessu geti verið einföld og eiginlega sjálfsögð skýring. Menn þurfa helst að yrkja á eigin þjóðtöngu, rétt er það, því að fáum er gefið sama vald á erlendum málum og móðurmálinu. Menn þurfa á hinn bóginn ekki endilega að stunda viðskipti við umheiminn á eigin þjóðtöngu því að í viðskiptum eru eðlilega gerðar aðrar málfarskröfur en í bókmenntum. Íslendingum og öðrum smáþjóðum er það í lófa lagið að læra ensku nógu vel til þess að geta stundað öll heimsins viðskipti með góðum árangri án þess að vanrækja móðurmálið. Hér er komið að kjarna málsins, þykist ég vita: rækt við móðurmálið og árangur í viðskiptum þurfa ekki að rekast á. Þetta eru falskar andstæður. Styrkur smáþjóða felst þvert á móti meðal annars í því að þær þurfa að ná góðum tökum á ensku og öðrum málum og þessi þörf opnar þeim nauðsynlega útsýn til umheimsins. Enskumælandi stórþjóðir geta á hinn bóginn freistast til að láta það hjá líða að læra önnur tungumál og geta því orðið af viðskiptum og verðmætum menningartengslum við aðrar þjóðir.

Enda þótt gott vald þjóðar á ensku eða öðrum heimsmálum geti örvað viðskipti og efnahagslíf eins og sumar rannsóknir hagfræðinga virðast sýna, þá er einnig hægt að hugsa sér hið gagnstæða: að staðföst rækt við þjóðtönguna umfram

önnur mál sé til marks um þrautseigju einnig á öðrum sviðum – þess háttar þrautseigju sem getur skilað mönnum góðum lífskjörum til langs tíma litið. Athuganir mínar á ýmsum helstu gangráðum hagvaxtar um heiminn síðan 1965 virðast mér að svo stöddu benda til þess að þjóðir, sem halda tryggð við eigin tungu frekar en að tileinka sér eitthvert heimsmál (ensku, frönsku, spænsku o.s.frv.), búi jafnan við mun örari hagvöxt en hinar að öðru jöfnu. Reynist þetta rétt, þá getur málrækt beinlínis borgað sig.

Og svo er eitt enn að endingu. Móðurmálið er ekki dautt áhald eins og rokkur, skilvinda, gjaldmiðill eða grammófónn. Tungan er þvert á móti líftaug fólksins sem byggir þetta land. Þjóðtungan er að minni hyggju hafin yfir verðlagningu á markaði. Ásjóna Íslands væri öll önnur nú og fátæklegri ef forfeður okkar hefðu lagt upp laupana og leyft íslensku að víkja fyrir vondri dönsku svo sem talsverð brögð voru að í Reykjavík og öðrum bæjum landsins fyrir 200 árum. Hefði svo farið, þá vantaði okkur nú styrkasta strenginn í menningu þjóðarinnar. Ég efast um að Ísland hefði þá getað haldið óskertu aðdráttaraflí gagnvart þeim þúsundum æskufólks sem halda áfram að flykkjast til annarra landa ár fram af ári að mannast og mennta sig og hverfa síðan aftur hingað heim til starfa. Þetta fólk má Ísland aldrei missa.

Heimild

Benedikt Jóhannesson. 1998. Hvað kostar að tala íslensku? *Greinar af sama meiði helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum*. Bls. 303-316. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.